# Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands

## Ársreikningur 2025

*Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands*

**Kennitala: 670169-0499**

**Engjavegi 6, 104 Reykjavík**

## Ársreikningur 2025

## Efnisyfirlit


| | Bls. |
|---|---|
| Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra ........ | **3** |
| Áritun óháðs endurskoðanda ........ | **4-5** |
| Áritun skoðunarmanna ........ | **6** |
| Rekstrarreikningur ........ | **7** |
| Efnahagsreikningur ........ | **8** |
| Sjóðstreymi ........ | **9** |
| Afrekssjóður ÍSÍ - ársyfirlit ........ | **10** |
| Ferðasjóður íþróttafélaga - ársyfirlit ........ | **11** |
| Viðhalds- og byggingarsjóður ÍSÍ - ársyfirlit ........ | **12** |
| Svæðisstöðvar íþróttahéraða - ársyfirlit ........ | **13** |
| Skýringar og sundurliðanir með ársreikningi ........ | **14-19** |
| Yfirlit ÍSÍ, sérgreindra sjóða og verkefna ........ | **20** |
| Samanburður rekstrar við fjárhagsáætlun ........ | **22** |

## *Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra*

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) eru heildarsamtök íþróttahreyfingarinnar á Íslandi og æðsti aðili frjálsrar íþróttastarfsemi í landinu samkvæmt íþróttalögum nr. 64/1998. Eitt af meginverkefnum ÍSÍ er að efla, samræma og skipuleggja íþróttastarfsemi á Íslandi, auk þess að styðja við þróun hvers kyns íþrótta, jafnt almennings- og afreksíþrótta. Aðsetur sambandsins er í Laugardal. Fjöldi ársverka á reikningsárinu voru 32,5 samanborið við 23,3 á fyrra ári, en á miðju ári 2024 bættist við starfsfólk svæðisstöðva.

Heildar hagnaður Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands á árinu nam 9,6 milljónum króna fyrir fjármagnsliði en er 83,5 milljónir króna eftir fjármagnsliði. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir um 3.144 milljónum króna og bókfært eigið fé í árslok er um 2.387 milljónir króna.

Framsetningu ársreiknings var breytt að loknu Íþróttaþingi ÍSÍ 2023 þannig að hreyfingar sjóða eru teknar með í rekstrarreikningi ÍSÍ en ekki eingöngu rekstur skrifstofu ÍSÍ.

Framlag ríkissjóðs til ÍSÍ jókst á milli ára en 527 milljónir króna voru veittar til innleiðingar á nýju fyrirkomulagi afreksmála á árinu 2025, og byggir sú aukning á samvinnu mennta- og barnamálaráðuneytis á síðustu árum við að móta tillögur að eflingu afreksíþróttastarfs á Íslandi.

Rekstrarniðurstaða ársins er mun betri en áætlanir gerðu ráð fyrir og ræðst hún að mestu af auka arðgreiðslu frá Íslenskri getspá sem greidd var á árinu. Jafnframt var kostnaður við afreksíþróttir og leika lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Kostnaður við framkvæmdir við Íþróttamiðstöðina í Laugardal varð meiri en áætlun gerði ráð fyrir, en sá kostnaður er greiddur af rekstrarfé ÍSÍ. Rekstrarniðurstaða af reglulegri starfsemi ÍSÍ var neikvæð á árinu 2025, en þó betri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Jákvæð rekstrarafkoma ársins byggir á tekjum til Viðhalds- og byggingarsjóðs ÍSÍ sem ætlað er að standa undir stærra viðhaldi og framkvæmdum við Íþróttamiðstöðina í Laugardal og auknum fjármagnstekjum.

Fasteignir ÍSÍ eru afskrifaðar um 1% á árinu, líkt og á árinu 2024, en slíkt var ekki í fyrri ársreikningum. Þá eru hlutdeildartekjur frá Íslenskri getspá færðar inn í reikningsskil ÍSÍ.

Að áliti stjórnenda og framkvæmdastjóra Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sambandsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Forseti, gjaldkeri framkvæmdastjórnar og framkvæmdastjóri ÍSÍ staðfesta hér með ársreikning sambandsins fyrir árið 2025 með undirritun sinni fyrir hönd framkvæmdastjórnar ÍSÍ.

*Reykjavík, 20. maí 2026*

Willum Þór Þórsson
forseti ÍSÍ

Daníel Jakobsson
gjaldkeri framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Andri Stefánsson
framkvæmdastjóri ÍSÍ

# *Áritun óháðs endurskoðanda*

## Til stjórnar Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands

**Álit**
Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands fyrir árið 2025, að undanskilinni skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sambandsins á árinu 2025, efnahag þess 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

*Ársreikningurinn innifelur:*
- Skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra
- Rekstrarreikning ársins 2025
- Efnahagsreikning 31. desember 2025
- Sjóðstreymi ársins 2025
- Afrekssjóð ÍSÍ - ársyfirlit 2025
- Ferðasjóð íþróttafélaga - ársyfirlit 2025
- Viðhalds- og byggingarsjóð ÍSÍ - ársyfirlit 2025
- Svæðisstöðvar íþróttahéraða - ársyfirlit 2025
- Skýringar, sem innifela mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

**Grundvöllur álits**
Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

*Óhæði*
Við erum óháð sambandinu samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi sambandsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra**
Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra sem lá fyrir við áritun okkar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi sambandsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, sem tilgreindar eru hér að ofan, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

# *Áritun óháðs endurskoðanda*

**Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum**
Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum sambandsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning sambandsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa sambandið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi sambandsins. Stjórnendum sambandsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

**Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins**
Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með áliti okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir áliti okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sambandsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi sambandsins eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi þess. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausu áliti. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að sambandið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Reykjavík, 20. maí 2026

**PricewaterhouseCoopers ehf.**

Sara Henný H. Arnbjörnsdóttir
löggiltur endurskoðandi

# *Áritun skoðunarmanna*

Við kjörnir skoðunarmenn ársreiknings Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands höfum farið yfir ársreikning þennan fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, ársyfirlit Afrekssjóðs, Ferðasjóðs íþróttafélaga, Viðhalds- og byggingarsjóðs, Svæðisstöðva íþróttahéraða og skýringar.

Reykjavík, 20. maí 2026

Jón Þorkelsson

Sigríður Ármannsdóttir

# *Rekstrarreikningur ársins 2025*

| | Skýr. | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|
| ***Rekstrartekjur*** | | | |
| Framlag ríkissjóðs | 8 | 1.523.503.169 | 846.723.485 |
| Úthlutanir frá Íslenskri getspá og Íslenskum getraunum | 9 | 1.630.409.577 | 1.468.178.819 |
| Erlendir styrkir frá IOC og EOC | 10 | 64.121.131 | 116.217.313 |
| Húsaleigutekjur | | 57.269.684 | 55.156.984 |
| Aðrar tekjur | 11 | 146.891.397 | 110.720.225 |
| | | 3.422.194.958 | 2.596.996.826 |
| ***Rekstrargjöld*** | | | |
| Veitt framlög og styrkir | 8,9 | 2.342.996.250 | 1.829.570.208 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 12 | 261.402.265 | 260.797.960 |
| Fræðsla og almenningsíþróttir | 13 | 53.279.380 | 61.221.508 |
| Afreksíþróttir og leikar | 14 | 208.625.686 | 116.772.201 |
| Íþróttamiðstöðin í Laugardal | 15 | 100.046.442 | 94.841.653 |
| Svæðisstöðvar íþróttahéraða | | 337.977.438 | 115.101.107 |
| Annar kostnaður | 16 | 99.744.852 | 81.945.622 |
| Afskriftir | | 8.569.000 | 8.402.500 |
| | | 3.412.641.313 | 2.568.652.759 |
| *Hagnaður (tap) fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)* | | 9.553.645 | 28.344.067 |
| ***Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)*** | | | |
| Vaxtatekjur | | 79.986.870 | 76.309.575 |
| Vaxtagjöld | | (17.268) | (21.996) |
| Gengismunur | | (874.511) | (290.069) |
| | | 79.095.091 | 75.997.510 |
| Önnur hlutdeild frá Íslenskri getspá | 4 | (5.130.813) | (74.324.019) |
| ***Afkoma ársins*** | | 83.517.923 | 30.017.558 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2025

## Eignir

| | Skýr. | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| *Varanlegir rekstrarfjármunir* | | | |
| Fasteignir | 3 | 911.800.000 | 856.900.000 |
| *Eignarhlutir í félögum* | | | |
| Íslensk getspá, hlutdeild í eigin fé | 4 | 789.380.466 | 794.511.279 |
| ***Fastafjármunir alls*** | | 1.701.180.466 | 1.651.411.279 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Fyrirframgreiddir styrkir | | 33.600.000 | 0 |
| Viðskiptakröfur og fyrirfram greiddur kostnaður | 5 | 113.940.386 | 130.278.803 |
| Handbært fé | 2 | 1.295.360.809 | 1.277.348.714 |
| ***Veltufjármunir alls*** | | 1.442.901.195 | 1.407.627.517 |
| ***Eignir samtals*** | | 3.144.081.661 | 3.059.038.796 |

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | |
| Óráðstafað eigið fé | 6 | 2.386.665.213 | 2.239.678.290 |
| ***Eigið fé alls*** | | 2.386.665.213 | 2.239.678.290 |
| **Skuldir** | | | |
| **Langtímaskuldir** | | | |
| Fyrirfram innheimtar tekjur vegna svæðisstöðva | 2 | 0 | 100.000.000 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Ógreidd starfsmannagjöld | | 45.829.748 | 31.533.768 |
| Ógreiddir styrkir | 17 | 216.064.231 | 167.152.177 |
| Viðskiptaskuldir | | 188.449.123 | 255.998.046 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | 2 | 307.073.346 | 264.676.515 |
| ***Skammtímaskuldir alls*** | | 757.416.448 | 719.360.506 |
| ***Eigið fé og skuldir samtals*** | | 3.144.081.661 | 3.059.038.796 |

## *Sjóðstreymi ársins 2025*

| | Skýr. | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|
| ***Rekstrarhreyfingar*** | | | |
| Afkoma ársins | | 83.517.923 | 30.017.558 |
| *Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á hreint veltufé:* | | | |
| Önnur hlutdeild frá Íslenskri getspá | | 5.130.813 | 74.324.019 |
| Afskriftir | | 8.569.000 | 8.402.500 |
| ***Veltufé frá rekstri*** | | 97.217.736 | 112.744.077 |
| *Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:* | | | |
| Skammtímakröfur | | (17.261.583) | 74.828.412 |
| Skammtímaskuldir | | (104.340.889) | 45.124.855 |
| | | (121.602.472) | 119.953.267 |
| ***Handbært fé frá rekstri*** | | (24.384.736) | 232.697.344 |
| ***Fjármögnunarhreyfingar*** | | | |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | | 42.396.831 | 0 |
| ***Fjármögnunarhreyfingar*** | | 42.396.831 | 0 |
| ***Breyting á handbæru fé*** | | 18.012.095 | 232.697.344 |
| ***Handbært fé í ársbyrjun*** | | 1.277.348.714 | 1.044.651.370 |
| ***Handbært fé í árslok*** | | 1.295.360.809 | 1.277.348.714 |
| Greiddir vextir | | (17.268) | (21.996) |
| Innborgaðar vaxtatekjur | | 79.986.870 | 76.309.575 |

## *Rekstrarreikningur*

| | Skýr. | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|
| ***Rekstrartekjur*** | | | |
| Framlag ríkissjóðs | 8 | 751.630.918 | 392.000.000 |
| Framlag ÍSÍ af tekjum frá Íslenskri getspá | 9 | 122.592.359 | 105.480.299 |
| Fjármunatekjur | | 6.700.010 | 3.766.501 |
| | | 880.923.287 | 501.246.800 |
| ***Rekstrargjöld*** | | | |
| Styrkveitingar | 2 | 883.044.384 | 516.143.098 |
| Niðurfelldir styrkir | | (2.819.613) | (11.574.445) |
| Launa- og umsýslukostnaður ÍSÍ | | 3.000.000 | 3.000.000 |
| Fagleg þjónusta Afrekssviðs ÍSÍ / AMÍ | | 10.000.000 | 10.000.000 |
| Ráðgjöf og heilbrigðisteymi | | 0 | 4.000.000 |
| Annar kostnaður | | 10.400 | 188.770 |
| | | 893.235.171 | 521.757.423 |
| ***Afkoma ársins*** | | (12.311.884) | (20.510.623) |

## *Efnahagsreikningur*

### *Eignir*

| | Skýr. | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|
| Viðskiptareikningur ÍSÍ | | 7.096.156 | 3.952.793 |
| Fyrirframgreiddir styrkir | | 33.600.000 | 0 |
| Handbært fé | 2 | 102.779.306 | 108.112.629 |
| | | 143.475.462 | 112.065.422 |

### *Eigið fé og skuldir*

| | Skýr. | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|
| ***Eigið fé*** | | | |
| Óráðstafað eigið fé 1.1. | | 68.811.714 | 89.322.337 |
| Afkoma ársins | | (12.311.884) | (20.510.623) |
| | | 56.499.830 | 68.811.714 |
| ***Skammtímaskuldir*** | | | |
| Ógreiddir styrkir | | 86.975.632 | 43.253.708 |
| | | 86.975.632 | 43.253.708 |
| ***Eigið fé og skuldir samtals*** | | 143.475.462 | 112.065.422 |

## *Rekstrarreikningur*

| | Skýr. | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|
| ***Rekstrartekjur*** | | | |
| Framlag ríkissjóðs | 8 | 126.900.000 | 126.900.000 |
| Fjármunatekjur | | 4.844.810 | 2.774.150 |
| | | 131.744.810 | 129.674.150 |
| ***Rekstrargjöld*** | | | |
| Styrkveitingar | 2 | 123.898.599 | 124.809.566 |
| Umsýslukostnaður | | 3.000.000 | 3.000.000 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 0 | 94.000 |
| | | 126.898.599 | 127.903.566 |
| ***Afkoma ársins*** | | 4.846.211 | 1.770.584 |

## *Efnahagsreikningur*

| | Skýr. | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|
| ***Eignir*** | | | |
| Viðskiptareikningur ÍSÍ | | 0 | 1.588.903 |
| Handbært fé | 2 | 138.558.781 | 129.123.537 |
| | | 138.558.781 | 130.712.440 |
| ***Eigið fé og skuldir*** | | | |
| ***Eigið fé*** | | | |
| Óráðstafað eigið fé 1.1 | | 6.813.971 | 5.043.387 |
| Afkoma ársins | | 4.846.211 | 1.770.584 |
| | | 11.660.182 | 6.813.971 |
| ***Skammtímaskuldir*** | | | |
| Ógreiddir styrkir | | 123.898.599 | 123.898.469 |
| Viðskiptareikningur ÍSÍ | | 3.000.000 | 0 |
| | | 126.898.599 | 123.898.469 |
| ***Eigið fé og skuldir samtals*** | | 138.558.781 | 130.712.440 |

## *Rekstrarreikningur*

| | Skýr. | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|
| ***Rekstrartekjur*** | | | |
| Hlutdeild í auka Lottógreiðslum....................................... | 9 | 70.005.000 | 116.675.000 |
| Fjármunatekjur.............................................................. | | 31.057.033 | 25.353.361 |
| | | 101.062.033 | 142.028.361 |
| ***Rekstrargjöld*** | | | |
| Viðhald húsnæðis.......................................................... | | 30.000.000 | 23.569.462 |
| | | 30.000.000 | 23.569.462 |
| ***Afkoma ársins....................................................*** | | 71.062.033 | 118.458.899 |

## *Efnahagsreikningur*

| | Skýr. | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Handbært fé ................................................................. | 2 | 474.762.638 | 397.270.067 |
| | | 474.762.638 | 397.270.067 |
| **Eigið fé** | | | |
| ***Eigið fé*** | | | |
| Óráðstafað eigið fé 1.1................................................... | | 373.700.605 | 255.241.706 |
| Afkoma ársins................................................................ | | 71.062.033 | 118.458.899 |
| | | 444.762.638 | 373.700.605 |
| ***Skammtímaskuldir*** | | | |
| Ógreiddur kostnaður...................................................... | | 30.000.000 | 23.569.462 |
| | | 30.000.000 | 23.569.462 |
| ***Eigið fé og skuldir samtals...............................*** | | 474.762.638 | 397.270.067 |

## Rekstrarreikningur

| | Skýr. | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Framlag ríkissjóðs | 8 | 182.603.169 | 35.323.485 |
| Lottótekjur frá ÍSÍ | 9 | 101.138.695 | 50.152.000 |
| Lottótekjur frá UMFÍ | | 54.235.574 | 29.625.622 |
| | | 337.977.438 | 115.101.107 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | 211.626.898 | 101.189.115 |
| Húsaleiga | | 8.901.811 | 3.570.639 |
| Ferða- og fundakostnaður | | 15.652.143 | 4.596.309 |
| Annar kostnaður | | 15.206.586 | 5.745.044 |
| Styrkir úr Hvatasjóði | | 86.590.000 | 0 |
| | | 337.977.438 | 115.101.107 |
| *Afkoma fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)* | | 0 | 0 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtatekjur | | 28.093.813 | 36.074.329 |
| Vaxtagjöld | | (1.528) | 0 |
| | | 28.092.285 | 36.074.329 |
| **Afkoma ársins** | | 28.092.285 | 36.074.329 |

## Efnahagsreikningur

| | Skýr. | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Viðskiptareikningur ÍSÍ | | 0 | 10.538.945 |
| Viðskiptareikningur UMFÍ | | 4.241.552 | 0 |
| Handbært fé | 2 | 309.794.842 | 390.211.899 |
| | | 314.036.394 | 400.750.844 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| Óráðstafað eigið fé 1.1. | | 36.074.329 | 0 |
| Afkoma ársins | | 28.092.285 | 36.074.329 |
| | | 64.166.614 | 36.074.329 |
| **Skuldir** | | | |
| **Langtímaskuldir** | | | |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | | 0 | 100.000.000 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Ógreidd starfsmannagjöld | | 15.717.611 | 0 |
| Ógreiddir styrkir | | 5.190.000 | 0 |
| Viðskiptaskuldir | | 7.407.293 | 0 |
| Viðskiptareikningur ÍSÍ | | 39.481.530 | 0 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | | 182.073.346 | 264.676.515 |
| | | 249.869.780 | 264.676.515 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 314.036.394 | 400.750.844 |

# *Skýringar*

## *1. Almennar upplýsingar*

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) eru heildarsamtök íþróttahreyfingarinnar á Íslandi og æðsti aðili frjálsrar íþróttastarfsemi í landinu og í erlendum samskiptum íþróttahreyfingarinnar samkvæmt íþróttalögum nr. 64/1998. Sambandið er með aðsetur að Engjavegi 6 í Reykjavík.

## *2. Reikningsskilaaðferðir og sérstakar skýringar*

**Grundvöllur reikningsskilanna**
Ársreikningur ÍSÍ er gerður í samræmi við lög um ársreikninga á Íslandi og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Fasteignir sambandsins eru þó eignfærðar á fasteignamati að öllu leyti samanber skýringu 3 og eignarhlutur í Íslenskri getspá er færður eftir hlutdeildaraðferð samanber skýringu 4. Ársreikningurinn er gerður miðað við áframhaldandi starfsemi.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

**Skráning tekna**
Rekstrarstyrkir frá ríkissjóði eru samkvæmt samningum við ríkið og samkvæmt fjárlögum. Tekjur frá Íslenskri getspá eru færðar samkvæmt úthlutunarreglum sem Íþróttaþing ÍSÍ setur. Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög um ársreikninga. Styrkir eru færðir meðal fyrirframgreiddra tekna í efnahagsreikningi ef styrkur berst áður en farið er í verkefni.

**Styrkúthlutanir**
Úthlutanir á styrkjum úr sjóðum sambandsins fer samkvæmt reglugerðum og samningum þar um. Styrkveitingar eru gjaldfærðar þegar ákvörðun um úthlutun hefur verið tekin og þær samþykktar af stjórn ÍSÍ, þegar það á við.

**Ábyrgðarskuldbindingar**
Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands er ekki í ábyrgðum fyrir þriðja aðila.

**Erlendir gjaldmiðlar**
Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar til eignar á síðasta skráða gengi ársins.

**Viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir**
Viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði. Viðskiptakröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum sambandsins.

**Handbært fé**
Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

**Önnur verkefni**
ÍSÍ og Landssamband eldri borgara (LEB) hafa haldið út verkefni sem ber nafnið Bjartur lífsstíll – Heilsuefling 60+. Gerður var samningur við félags- og vinnumálaráðuneytið um styrk til að standa fyrir átaksverkefni til eins árs um heilsueflingu eldra fólks og hófst verkefnið í janúar 2022, þar sem ÍSÍ og LEB réðu einn starfsmann hvort í verkefnið. Verkefnið hefur hlotið áframhaldandi stuðning frá stjórnvöldum síðustu ár en mennta- og barnamálaráðuneytið styrkti verkefnið á árinu 2025.

ÍSÍ annast Erasmus+ verkefnið Íþróttavika Evrópu og hlýtur til þess árlegan styrk úr Erasmus+ styrkjakerfi Evrópuráðsins (European Commission).

## *2. Reikningsskilaaðferðir og sérstakar skýringar, frh.*

**Skattamál**
ÍSÍ er ekki skattskylt hvað varðar tekjuskatt.
ÍSÍ er á almannaheillaskrá Skattsins og greiðir því ekki fjármagnstekjuskatt.

**Starfsmannamál**
Launakostnaði sambandsins er dreift í rekstrarreikningi niður á viðeigandi kostnaðarliði, sjá nánari sundurliðun á launakostnaði:

| *Laun og launatengd gjöld samtals:* | *2025* | *2024* |
|---|---|---|
| Vinnulaun ........................................ | 375.184.932 | 262.766.825 |
| Mótframlag í lífeyrissjóð ........................................ | 51.568.052 | 35.644.046 |
| Hlunnindi, launatengd gjöld, dagpeningar og áfallið orlof ............... | 57.571.319 | 47.305.541 |
| Endurgreiddur launakostnaður ........................................ | (452.000) | (423.000) |
| | 483.872.303 | 345.293.412 |
| Fjöldi ársverka ........................................ | 32,5 | 23,3 |

Laun og þóknanir til stjórnenda sambandsins námu kr. 31,0 milljónum á árinu 2025 samanborið við kr. 27,6 milljónir árið áður.

## *3. Fastafjármunir*

**Fasteignir**
Fasteignir sambandsins að Engjavegi 6 eru undir einu fastanúmeri. Í ársreikningi þessum eru fasteignir sambandsins eignfærðar á fasteignamatsverði og virðisbreytingar færðar yfir eigið fé. Lóðaleigusamningar liggja ekki fyrir vegna fasteigna sambandsins.

| Árslok 2024: | Fasteignir |
|---|---|
| Bókfært verð í ársbyrjun ........................................ | 840.250.000 |
| Afskriftir ársins ........................................ | (8.402.500) |
| Endurmat ársins ........................................ | 25.052.500 |
| Bókfært verð í árslok ........................................ | 856.900.000 |

| Árslok 2025: | Fasteignir |
|---|---|
| Bókfært verð í ársbyrjun ........................................ | 856.900.000 |
| Afskriftir ársins ........................................ | (8.569.000) |
| Endurmat ársins ........................................ | 63.469.000 |
| Bókfært verð í árslok ........................................ | 911.800.000 |

| Bókfært verð í árslok 2025 greinist þannig: | |
|---|---|
| Kostnaðarverð ........................................ | 937.118.000 |
| Afskrifað samtals ........................................ | (25.318.000) |
| Bókfært verð í árslok ........................................ | 911.800.000 |

Sambandið hóf að afskrifa fasteignir sínar á árinu 2024. Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til að gjaldfæra mismun á kostnaðar-/endurmetnu verði og hrakvirði á áætluðum nýtingartíma eignanna sem er áætlaður 100 ár.

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til.

| Fasteignamat og vátryggingaverðmæti: | Fasteignamat, hús | Fasteignamat, lóð | Brunabótamat |
|---|---|---|---|
| Engjavegur 6 - F2019523 ........................ | 713.100.000 | 198.700.000 | 1.350.950.000 |

### *4. Eignarhlutir í félögum*

Eignarhluti ÍSÍ í Íslenskri getspá er eignfærður samkvæmt hlutdeildaraðferð. Framlög frá Íslenskri getspá eru tekjufærð meðal rekstrartekna vegna eðli starfseminnar og er mismunur á milli afkomuhlutdeildar og úthlutunar færður sem önnur hlutdeild í rekstrarreikning sambandsins.

| *Hreyfing eignarhlutar greinist þannig:* | *2025* | *2024* |
|---|---|---|
| Bókfært verð í upphafi árs | 794.511.279 | 868.835.298 |
| Hlutdeild í afkomu ársins | 1.597.278.765 | 1.365.854.799 |
| Úthlutun ársins | (1.602.409.578) | (1.440.178.818) |
| Bókfært verð í lok árs | 789.380.466 | 794.511.279 |

Eignarhlutur sambandsins í Íslenskri getspá er 46,67%. Íslensk getspá sf. er með aðsetur að Engjavegi 6 í Reykjavík.

### *5. Viðskipti við tengda aðila*

Tengdir aðilar eru hlutdeildarfélag, stjórn ÍSÍ, framkvæmdastjóri og nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila. Upplýsingar varðandi stöður tengdra aðila í árslok eru eftirfarandi:

| | *2025* | *2024* |
|---|---|---|
| Skammtímakrafa á Íslenska getspá | 93.958.732 | 95.188.474 |

### *6. Eigið fé*

Meðal eigin fjár er uppsafnað endurmat fastafjármuna en fasteignir sambandsins eru eignfærðar á fasteignamatsverði og virðisbreytingar færðar yfir eigið fé.

*Yfirlit um breytingar á eigin fé:*

| *Hreyfingar 2024* | *Eigið fé* |
|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 2.184.608.232 |
| Endurmat fasteigna | 25.052.500 |
| Hagnaður ársins | 30.017.558 |
| | 2.239.678.290 |

| *Hreyfingar 2025* | *Eigið fé* |
|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 2.239.678.290 |
| Endurmat fasteigna | 63.469.000 |
| Hagnaður ársins | 83.517.923 |
| | 2.386.665.213 |

### *7. Þóknun endurskoðanda*

| *Þóknun til endurskoðanda greinist þannig:* | *2025* | *2024* |
|---|---|---|
| Endurskoðun ársreiknings | 4.907.341 | 5.691.768 |
| Önnur þjónusta | 1.243.615 | 229.586 |
| | 6.150.956 | 5.921.354 |

**Sundurliðanir**

## 8. Framlag ríkissjóðs

| | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| Framlag Ríkissjóðs af fjárlögum | 1.325.900.000 | 796.400.000 |
| Aðrir styrkir Ríkissjóðs | 197.603.169 | 50.323.485 |
| | 1.523.503.169 | 846.723.485 |
| *Sundurliðun á verkefni:* | | |
| Nýtt fyrirkomulag afreksmála | (527.000.000) | 0 |
| Afrekssjóður ÍSÍ | (392.000.000) | (392.000.000) |
| Svæðisstöðvar íþróttahéraða | (182.603.169) | (35.323.485) |
| Rekstur ÍSÍ | (176.000.000) | (173.500.000) |
| Ferðasjóður íþróttafélaga | (126.900.000) | (126.900.000) |
| Sérsambönd ÍSÍ | (104.000.000) | (104.000.000) |
| Heilsuefling eldra fólks | (15.000.000) | (15.000.000) |
| | (1.523.503.169) | (846.723.485) |
| *Framlög og styrkir ríkissjóðs greinast þannig:* | | |
| Heildarframlag og styrkir ársins | 1.650.900.000 | 1.011.400.000 |
| Tekjufærsla ársins vegna framlags og styrkja ársins | (1.358.827.654) | (846.723.485) |
| Tekjufærsla ársins vegna framlaga og styrkja fyrri ára | (164.675.515) | 0 |
| Samtals tekjufærsla ársins | (1.523.503.169) | (846.723.485) |
| Frestaðar tekjur færðar meðal skulda | (127.396.831) | (164.676.515) |
| | (1.650.900.000) | (1.011.400.000) |

## 9. Úthlutanir frá Íslenskri getspá og Íslenskum getraunum

| | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| Heildartekjur frá Íslenskri getspá | 1.602.409.577 | 1.440.178.819 |
| | 1.602.409.577 | 1.440.178.819 |
| *Ráðstöfun samkvæmt úthlutunarreglum:* | | |
| Til íþróttahéraða | (573.119.305) | (499.265.298) |
| Til sérsambanda ÍSÍ | (481.021.832) | (413.738.519) |
| Útbreiðslustyrkur til sambandsaðila ÍSÍ | (177.912.165) | (183.188.172) |
| Til Viðhalds- og byggingarsjóðs | (70.005.000) | (116.675.000) |
| Til Afrekssjóðs ÍSÍ | (122.592.359) | (105.480.299) |
| Til svæðisstöðva íþróttahéraða | (101.138.695) | (50.152.000) |
| Til ÍSÍ vegna reksturs | (76.620.221) | (71.679.531) |
| | (1.602.409.577) | (1.440.178.819) |
| Úthlutun frá Íslenskum getraunum | 28.000.000 | 28.000.000 |
| *Úthlutanir frá Íslenskri getspá og Íslenskum getraunum alls* | 1.630.409.577 | 1.468.178.819 |

## 10. Erlendir styrkir frá IOC og EOC

| | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| Styrkur IOC v/Top Programme | 7.593.102 | 29.671.176 |
| Skrifstofustyrkir | 22.568.750 | 23.748.950 |
| Afreksstyrkir OS til sérsambanda | 16.349.140 | 27.240.800 |
| Styrkir v/íþróttaleika | 5.457.034 | 13.413.082 |
| Fræðslustyrkir OS til sérsambanda | 6.719.939 | 3.359.732 |
| Verkefnastyrkir | 5.433.166 | 18.783.573 |
| | 64.121.131 | 116.217.313 |

**Sundurliðanir**

## 11. Aðrar tekjur

| | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| Hlutur sérsambanda og aðrar tekjur v/þátttöku í leikum | 41.157.549 | 13.173.860 |
| Styrkir Ólympíufjölskyldu ÍSÍ | 17.074.452 | 17.074.452 |
| European Commission, Erasmus+ styrkur v/Íþróttaviku Evrópu | 17.128.594 | 23.952.000 |
| European Commission, Erasmus+ styrkur v/5C´s verkefnis | 0 | 6.621.482 |
| Fjarnám þjálfaramenntunar | 5.952.960 | 6.065.610 |
| Lýðheilsusjóður, styrkir v/almenningsíþróttaverkefna | 0 | 2.000.000 |
| Tekjur frá UMFÍ v/Skilakerfis ÍSÍ og UMFÍ | 5.590.968 | 6.200.029 |
| Tekjur frá UMFÍ v/Svæðisstöðva íþróttahéraða | 54.235.574 | 29.625.622 |
| Aðrar tekjur og styrkir | 5.751.300 | 6.007.170 |
| | 146.891.397 | 110.720.225 |

## 12. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

| | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| Laun og launatengd gjöld | 206.712.209 | 208.195.348 |
| Tölvuþjónusta, hýsing og viðhald tölvubúnaðar | 18.804.929 | 9.970.056 |
| Funda- og ferðakostnaður | 8.402.029 | 8.285.043 |
| Akstur og rekstrarleiga bifreiða | 5.709.939 | 5.828.943 |
| Sími og póstkostnaður | 2.131.846 | 2.090.575 |
| Annar skrifstofukostnaður | 19.641.313 | 26.427.995 |
| | 261.402.265 | 260.797.960 |

## 13. Fræðsla og almenningsíþróttir

| | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| Íþróttavika Evrópu | 18.133.455 | 18.319.593 |
| Samstarfsverkefnið 5C´s | 268.196 | 9.397.604 |
| Hjólað í vinnuna | 3.891.396 | 5.721.353 |
| Lífshlaupið | 10.999.270 | 8.573.212 |
| Fjarnám þjálfaramenntunar | 8.448.067 | 7.753.003 |
| Fræðslustyrkir OS til sérsambanda | 6.719.939 | 3.180.783 |
| Annar kostnaður | 4.819.057 | 8.275.960 |
| | 53.279.380 | 61.221.508 |

**Sundurliðanir**

| | 2025 | 2024 |
|---|---|---|

## 14. Afreksíþróttir og leikar

| | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| Smáþjóðaleikar | 53.329.052 | 1.075.874 |
| Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar | 39.357.798 | 2.501.348 |
| Ólympíuleikar og Ólympíuleikar ungmenna | 3.536.561 | 77.405.699 |
| Afreksstyrkir OS til sérsambanda | 16.349.140 | 31.240.800 |
| Laun og launatengd gjöld Afrekssviðs/AMÍ | 25.283.194 | 2.957.879 |
| Annar kostnaður Afrekssviðs/AMÍ | 70.769.941 | 1.590.601 |
| | 208.625.686 | 116.772.201 |

## 15. Íþróttamiðstöðin í Laugardal

| | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| Viðhald húsnæðis og lóðar | 79.112.570 | 81.539.846 |
| Fasteignagjöld | 15.637.900 | 15.267.500 |
| Þjónustugjald rekstraraðila kaffiteríu | 3.600.000 | 3.600.000 |
| Annar rekstrarkostnaður | 41.436.106 | 46.700.264 |
| Endurgreiddur kostnaður | (39.740.134) | (52.265.957) |
| | 100.046.442 | 94.841.653 |

## 16. Önnur verkefni og kostnaður

| | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| Skilakerfi ÍSÍ og UMFÍ | 18.643.737 | 20.712.516 |
| Íþróttaþing og formannafundur ÍSÍ | 14.461.161 | 3.020.358 |
| Bjartur lífsstíll - átaksverkefni v/heilsueflingar 60+ | 14.355.750 | 9.276.852 |
| Íþróttamaður ársins | 5.991.882 | 6.418.242 |
| Nefndir, ráð og önnur verkefni | 889.919 | 2.269.725 |
| Gjafir, heiðursveitingar og móttaka gesta | 2.283.677 | 3.353.617 |
| Styrkur til Lyfjaeftirlits Íslands | 1.461.802 | 1.558.294 |
| Endurskoðun og önnur sérfræðiþjónusta | 8.156.924 | 6.038.534 |
| Kostnaður sjóða | 33.000.000 | 26.663.462 |
| Annar kostnaður | 500.000 | 2.634.022 |
| | 99.744.852 | 81.945.622 |

## *17. Yfirlit ÍSÍ, sérgreindra sjóða og verkefna 2025*

### *Rekstraryfirlit*

| | ÍSÍ | Afrekssjóður | Ferða-sjóður | Viðhalds- og bygg.sjóður | Svæðisst. íþróttahéraða | Millideildar-viðskipti | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | | | | |
| Framlag ríkissjóðs | 462.369.082 | 751.630.918 | 126.900.000 | | 182.603.169 | | 1.523.503.169 |
| Úthlutanir frá Ísl.getspá og Ísl.getraunum | 1.336.673.523 | 122.592.359 | | 70.005.000 | 101.138.695 | | 1.630.409.577 |
| Erlendir styrkir frá IOC og EOC | 64.121.131 | | | | | | 64.121.131 |
| Húsaleigutekjur | 57.269.684 | | | | | | 57.269.684 |
| Aðrar tekjur | 92.655.823 | | | | 54.235.574 | | 146.891.397 |
| | 2.013.089.243 | 874.223.277 | 126.900.000 | 70.005.000 | 337.977.438 | 0 | 3.422.194.958 |
| **Rekstrargjöld** | | | | | | | |
| Veitt framlög og styrkir | 1.338.872.880 | 880.224.771 | 123.898.599 | | | | 2.342.996.250 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 255.402.265 | 3.000.000 | 3.000.000 | | | | 261.402.265 |
| Fræðsla og almenningsíþróttir | 53.279.380 | | | | | | 53.279.380 |
| Afreksíþróttir og leikar | 198.625.686 | 10.000.000 | | | | | 208.625.686 |
| Íþróttamiðstöðin í Laugardal | 70.046.442 | | | 30.000.000 | | | 100.046.442 |
| Svæðisstöðvar íþróttahéraða | 0 | | | | 337.977.438 | | 337.977.438 |
| Annar kostnaður | 99.734.452 | 10.400 | | | | | 99.744.852 |
| Afskriftir | 8.569.000 | | | | | | 8.569.000 |
| | 2.024.530.105 | 893.235.171 | 126.898.599 | 30.000.000 | 337.977.438 | 0 | 3.412.641.313 |
| ***Rekstrarafkoma án vaxta*** | (11.440.862) | (19.011.894) | 1.401 | 40.005.000 | 0 | 0 | 9.553.645 |
| Fjármunatekjur og fjárm.gjöld | 8.400.953 | 6.700.010 | 4.844.810 | 31.057.033 | 28.092.285 | | 79.095.091 |
| Önnur hlutdeild frá Ísl.getspá | (5.130.813) | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | (5.130.813) |
| ***Rekstrarafkoma ársins*** | (8.170.722) | (12.311.884) | 4.846.211 | 71.062.033 | 28.092.285 | 0 | 83.517.923 |

## 17. Yfirlit ÍSÍ, sérgreindra sjóða og verkefna 2025

### Efnahagsyfirlit

| Eignir | ÍSÍ | Afreks-sjóður | Ferða-sjóður | Viðhalds- og bygg.sjóður | Svæðisst. íþróttahéraða | Millideildar-stöður | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *Fastafjármunir* | | | | | | | |
| Fasteignir ........................................................ | 911.800.000 | | | | | | 911.800.000 |
| Eignarhluti í Íslenskri getspá............................... | 789.380.466 | | | | | | 789.380.466 |
| | 1.701.180.466 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1.701.180.466 |
| *Veltufjármunir* | | | | | | | |
| Viðskiptakröfur - fyrirframgreiðslur..................... | 109.698.834 | 33.600.000 | | | 4.241.552 | | 147.540.386 |
| Viðskiptareikningar ÍSÍ/sjóðir.............................. | 0 | 7.096.156 | 0 | | 0 | (7.096.156) | 0 |
| Handbært fé....................................................... | 269.465.241 | 102.779.306 | 138.558.781 | 474.762.638 | 309.794.842 | | 1.295.360.809 |
| | 379.164.075 | 143.475.462 | 138.558.781 | 474.762.638 | 314.036.394 | (7.096.156) | 1.442.901.195 |
| **Eignir alls** | 2.080.344.541 | 143.475.462 | 138.558.781 | 474.762.638 | 314.036.394 | (7.096.156) | 3.144.081.661 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | | | | | |
| *Eigið fé* | | | | | | | |
| Óráðstafað eigið fé............................................ | 1.809.575.949 | 56.499.830 | 11.660.182 | 444.762.638 | 64.166.614 | | 2.386.665.213 |
| *Skammtímaskuldir* | | | | | | | 0 |
| Ógreidd starfsmannagjöld................................. | 30.112.137 | | | | 15.717.611 | | 45.829.748 |
| Viðskiptareikningar ÍSÍ/sjóðir ............................. | 7.096.156 | | 3.000.000 | | 39.481.530 | (49.577.686) | 0 |
| Ógreiddir styrkir og bætur.................................. | 0 | 86.975.632 | 123.898.599 | | 5.190.000 | | 216.064.231 |
| Aðrar skuldir...................................................... | 108.560.300 | | | 30.000.000 | 7.407.293 | 42.481.530 | 188.449.123 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur................................. | 125.000.000 | | | | 182.073.346 | | 307.073.346 |
| | 270.768.593 | 86.975.632 | 126.898.599 | 30.000.000 | 249.869.780 | (7.096.156) | 757.416.448 |
| **Eigið fé og skuldir** | 2.080.344.541 | 143.475.462 | 138.558.781 | 474.762.638 | 314.036.394 | (7.096.156) | 3.144.081.661 |

## *18. Samanburður rekstrar við fjárhagsáætlun 2025*

| | Áætlun | Niðurstöður | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| ***Rekstrartekjur*** | | | |
| Framlag ríkissjóðs | 1.650.900.000 | 1.523.503.169 | 92,3% |
| Úthlutanir frá Ísl.getspá og Ísl.getraunum | 1.400.000.000 | 1.630.409.577 | 116,5% |
| Erlendir styrkir frá IOC og EOC | 75.450.000 | 64.121.131 | 85,0% |
| Húsaleigutekjur | 58.160.000 | 57.269.684 | 98,5% |
| Aðrar tekjur | 147.470.000 | 146.891.397 | 99,6% |
| | 3.331.980.000 | 3.422.194.958 | **102,7%** |
| ***Rekstrargjöld*** | | | |
| Veitt framlög og styrkir | 2.334.288.000 | 2.342.996.250 | 100,4% |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 261.268.000 | 261.402.265 | 100,1% |
| Fræðsla og almenningsíþróttir | 52.900.000 | 53.279.380 | 100,7% |
| Afreksíþróttir og leikar | 231.500.000 | 208.625.686 | 90,1% |
| Íþróttamiðstöðin í Laugardal | 68.737.900 | 100.046.442 | 145,5% |
| Svæðisstöðvar íþróttahéraða | 338.300.000 | 337.977.438 | 99,9% |
| Annar kostnaður | 104.690.000 | 99.744.852 | 95,3% |
| Afskriftir | 8.600.000 | 8.569.000 | 99,6% |
| | 3.400.283.900 | 3.412.641.313 | **100,4%** |
| *Hagnaður fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)* | (68.303.900) | 9.553.645 | **-14,0%** |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | 49.880.000 | 79.095.091 | **158,6%** |
| Önnur hlutdeild frá Íslenskri getspá | 0 | (5.130.813) | |
| ***Afkoma ársins*** | (18.423.900) | 83.517.923 | **-453,3%** |